

Viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2011

**Varðar: Frumvarp til laga um greiðsluþjónustu, 673. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um greiðsluþjónustu og fagna því að frumvarpið sé komið á dagskrá. SFF telja mikilvægt að reglur um greiðsluþjónustu íslenskra fjármálafyrirtækja verði sambærilegar þeim sem í gildi eru á evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið í núverandi mynd mun hafi margvíslegar breytingar í för með sér fyrir framkvæmd greiðslumiðlunar á Íslandi og starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og því skiptir miklu máli að starfsemi fjármálafyrirtækja verði ekki fyrir meira raski en nauðsyn krefur og að fjármálafyrirtækin fái nægilega langan aðlögunartíma til að innleiða nauðsynlegar breytingar í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Hér að neðan má sjá athugasemdir SFF.

**Almennar athugasemdir**

Lögfesting reglna um greiðsluþjónustu mun hafa umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja. Aðalinntak frumvarpsins felur í sér aukna neytendavernd til hagsbóta fyrir neytendur og því nauðsynlegt að fjármálafyrirtækin fari í kynningarherferð til að upplýsa viðskiptavinum fjármálafyrirtækja um þær breytingar sem eru í vændum og hvaða skilmála þurfi að undirrita til geta nýtt sér greiðsluþjónustu í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. SFF óska eftir rúmunum aðlögunartíma til að fjármálafyrirtækin geti klárað nauðsynlegan undirbúning, framkvæmt breytingar á kerfum og skilmálum, unnið að tæknilegum lausnum til að innleiðingin gangi sem best fyrir sig og viðskiptavinir verði fyrir sem minnstu ónæði við notkun greiðsluþjónustu. Ef frumvarpið verður að lögum á vorþingi 2011 telja SFF nauðsynlegt að frumvarpið öðlist ekki gildi fyrir en **1. desember 2011.**

Til viðbótar telja SFF mikilvægt að í frumvarpinu sé ákvæði sem kveður á um endurskoðun laganna innan 2. ára frá gildistöku. Þegar reynsla verður komin á framkvæmd greiðsluþjónustu í samræmi við frumvarpið geta ófyrirséðir hnökrar og óvæntir gallar í einstökum ákvæðum frumvarpsins komið upp sem nauðsynlegt getur reynst að laga. Því er mikilvægt að gert sé ráð fyrir mögulegri endurskoðun einstakra ákvæða frumvarpsins til að afmá hugsanlega vankanta á löggjöfinni svo að framkvæmd greiðsluþjónustu íslenskra fjármálafyrirtækja gangi sem best fyrir sig, neytendum og fyrirtækjum til hagsbóta.

**Starfsheimildir**

Verði frumvarp um greiðsluþjónustu óbreytt að lögum eru líkur á að atvinnufrelsi greiðslukortafyrirtækjanna skerðist með þeim hætti sem nánar er lýst hér á eftir. SFF setur fram eftirfarandi breytingartillögur með það að markmiði að tryggja hnökralausan rekstur þeirra félaga sem þegar starfa á markaði auk þess að tryggja aðgengi nýrra aðila að mörkuðum.

Starfssemi greiðslukortafyrirtækja á Íslandi er fjölbreytt og tekur ekki einungis til útgáfu korta og/eða færsluhirðingar heldur felur einnig í sér margvíslega tengda starfssemi, veitingu útlána auk útgáfu og umsýslu kreditkorta. Samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki er útgáfa og umsýsla greiðslukorta starfsleyfis skyld starfsemi, sbr. b-lið 1. tölul., 2. tölul. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti skv. lögum, nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Starfsheimildir greiðslukortafyrirtækja eru útlán neytendalána, sbr. a.-lið 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. og útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla), sbr. 5. tölul., 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálastarfsemi.

Samkvæmt framansögðu er óvíst hvernig starfsleyfum greiðslukortafyrirtækja verður háttáð ef frumvarpið tekur gildi óbreytt. Ekki liggur ljóst fyrir hvort greiðslukortafyrirtæki muni áfram teljast vera lánfyrirtæki, hvort þau muni teljast vera greiðslustofnun eða jafnvel rafeyrisfyrirtæki. SFF leggja mikla áherslu á að fyrirtækin geti áfram starfað á grundvelli gildandi starfsleyfa fyrst um sinn. Eyða þarf þessari óvissu sem er varðandi regluverk um starfssemi greiðslukortafyrirtækjanna a.m.k. þar til Fjármálaeftirlitið hefur skoðað nánar hvernig starfssemi þeirra er háttáð í reynd og eftir atvikum gefið út nýtt starfsleyfi

Starfssemi greiðslukortafyrirtækjanna felst einkum í eftirfarandi:

1. Tækniþjónusta fyrir kortaútgefendur s.s. banka og sparisjóði vegna kortaútgáfu og tengd þjónusta. Hefur ýmist verið nefnt „vinnsluaðili í kortaútgáfu“ eða „kortaútgáfa fyrir hönd banka og sparisjóða“.
2. Umsýsla og útgáfa kreditkorta fyrir eigin reikning, m.a. mat á fjárhagsstöðu umsækjanda um kort, heimildagjöf, áhættustýring, móttaka og framsending færslna
3. Útgáfa fyrirframgreiddra (e. Pre-paid) korta s.s. gjafakorta (ein tegund rafeyris) fyrir eigin reikning bæði á Íslandi og í Evrópu.
4. Fjármögnun á úttektum korthafa útgáfubanka. Færslur sem hirtar eru hér á landi af öðrum færsluhirði (B) en þeim sem á í hlut (A) eru fjármagnaðar um tiltekinn tíma af hálfu færsluhirðis (A) í þágu útgáfubanka.
5. Færsluhirðing, jafnt hér á landi sem erlendis.
6. Uppgjör, innheimta og ábyrgð á greiðslum korthafa
7. Fjármögnun/lán til seljenda tryggð með veði í veltu seljendasamninga

8. Færslumiðlun innanlands. Um er að ræða starfsemi sem felst í því að senda færslur frá söluaðila til útgefanda. Er í dag gert í gegnum kerfi Greiðsluveitunnar, s.s. XPS kerfið.
9. Lán sem korthafi tekur á sölustað, Kortalán/Staðgreiðslulán. Greiðslukortafyrirtækin nota eigin fjármuni eða fjármuni sem félagið tekur að láni til þess að lána aftur með vöxtum. Hefur hæsta fjárhæð slíkra lána verið á bilinu 500.000 til 2.000.000 kr. Lánstími er á bilinu 12-36 mánuðir. Posaleiga og leiga á ýmsum tæknibúnaði og sala á hugbúnaðarlausnum (vefposa) sem styður færsluhirðingu.

#### 10. Innheimtubjónusta

Samkvæmt a. og b. lið 3. tl. 81. gr. frumvarpsins er greiðslustofnunum t.d. ekki lengur heimilt að gefa út rafeyri (greiðslukort) þar sem slík útgáfa er bundin við tilteknar tegundir fjármálafyrirtækja, sbr. 1. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1. – 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og greiðslustofnanir hafa ekki heimild til að stunda innheimtu án innheimtuleyfis sbr. 2.mgr. 3.gr. og 4. gr. Innheimtulaga, nr. 95/2008. Að óbreytt frumvarpinu munu greiðslukortafyrirtækin ekki með jafnskýrum hætti hafa leyfi til kortaútgáfu (útgáfu rafeyris) þar sem samkvæmt núverandi frumvarpi verður fyrirtækjunum gert að verða Greiðslustofnanir, skv. a. og b. lið 3. tölul. 81. gr. frumvarpsins auk þess að vera lánafyrirtæki.

Verði fyrirtækjunum skylt að starfa sem greiðslustofnun mega þau ekki stunda útgáfu greiðslumiðla sem skilgreindir yrðu sem rafeyrir s.s. gjafakort, þar sem til þess þurfa þau að vera annað hvort lánafyrirtæki eða rafeyrisfyrirtæki. Hætt er við að starfsheimildum fyrirtækjanna yrði í einu lagi kippt undan þeim með því að afmá úr lögum nr. 161/2002, heimild til útgáfu og umsýslu greiðslukorta, þar sem 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. fellur brott og 4. og 5. tölul. 1. mgr. 20. gr, svk. a.- og b. lið. 3.m gr. 81. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að sækja heimild til útgáfu greiðslukorta til laga um greiðslubjónust þar sem þau veita ekki heimild til útgáfu rafeyris.

Auk þess telja SFF mikilvægt að skýrt sé að lánafyrirtækjum sem ekki hafa heimild til að taka við innlánnum verði einnig heimilt að stunda greiðslubjónustu án þess að hafa leyfi sem greiðslustofnun en geti auk þess verið með leyfi sem rafeyrisfyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Slíkt ætti ekki að koma í veg fyrir rétta innleiðingu tilskipunarinnar, sbr. 14. tl. 4.gr. þar sem vísað er í skilgreiningar tilskipunar 2000/46/EC á lánastofnun (credit institution). Þar kemur fram að skilgreiningin áskilur ekki að lánafyrirtæki verði bæði að hafa heimild til að taka á móti innlánnum og endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi heldur dugi annað hvort. Skilgreiningin er svohljóðandi:

„an undertaking whose business it is to receive deposits or other repayable funds from the public and to grant credits for its own account.“

Samkvæmt framangreindu leggur SFF til eftirfarandi breytingu á 1. tl 14. tl. 7. gr. frumvarpsins. :

„Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánaþyrirtæki sbr. 20. gr. I. nr. 161/2002 um Fjármálafyrirtæki.“

SFF telja mun skýrara að stuðst verði við skilgreiningu í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einnig er þess óskað að sett verði inn í frumvarpið bráðabirgðaákvæði er tryggir heimild félaganna, til að stunda greiðsluþjónustu og útgáfu undir starfsleyfi sem lánaþyrirtæki þar til innleidd verður önnur rafeyristilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/110/EB.

Að innleiðingu hennar lokinni hafa kortafyrirtækin þann kost að óska eftir starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki. Slíkt myndi að einhverju leyti draga úr hamlandi áhrifum frumvarpsins þar sem í annarri rafeyristilskipun er að finna heimildir til handa rafeyrisfyrirtækjum til að stunda greiðsluþjónustu með sama hætti og greinir í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þegar greiðslukortafélögin verða rafeyrisfyrirtæki þá munu þau ennþá sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Einn tilgangur annarrar rafeyristilskipunarinnar var að útvíkka starfsheimildir rafeyrisfyrirtækja sem fram að annarri rafeyristilskipuninni mega einungis vera í útgáfu rafeyris. Íslandi ber að hafa innleitt aðra rafeyristilskipunina 30. apríl 2011. Það er því ljóst að þegar önnur rafeyristilskipunin hefur tekið gildi munu greiðslukortafélögin hafa viðhlítandi lagastoð fyrir sinni starfsemi.

Fyrirnefnd greiðslukortafyrirtæki eiga um 30 ára farsælan starfsferil og hafa sætt eftirliti Fjármálaeftirlitsins síðan árið 1999 og eru gerðar til þeirra strangar kröfur um eigið fé og innra eftirlit eða nær jafn miklar og til viðskiptabanka. SFF hefur verulegar áhyggjur af því að hvaða áhrif óljósar heimildir fyrirtækjanna til að stunda kortaútgáfu og skylda starfsemi muni hafa á afkomu þeirra. Þá verður að geta þess að eitt greiðslukortafyrirtæki er þegar að veita þjónustu yfir landamæri til Bretlands í formi kortaútgáfu og hefur sú starfsemi verið tilkynnt til þarlandra yfirvalda af FME í samræmi við lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og verkefnið var vandlega kynnt fyrir FME áður en það hófst. Einhver vafi um starfsheimildir getur kippt stoðum undan verkefninu og valdið því að fyrirtækið verði skaðabótaskyldt gagnvart viðsejanda og verði fyrir verulegum orðsporshnekki en íslensk fjármálafyrirtæki njóta fyrirfram ekki mikið trausts og vandlega þarf að hlúa að öllum þáttum til að skapa traustið og viðhalda því.

### **Nýtt bráðabirgðaákvæði III**

SFF leggur til að sett verði nýtt bráðabirgðaákvæði sem verði bráðabirgðaákvæði III og svohljóðandi:

„Fram til þess tíma að Ísland hefur innleitt Evróputilskipun 2009/110/EB (aðra rafeyristilskipun) skulu a. og b. liður 3. tölul. 81. gr. laganna ekki taka gildi gagnvart lánaþyrirtækjum sem við setningu þessara laga eru í leyfisskyldri starfsemi skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og hafa starfsheimildir skv. a. –lið 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. og/eða 5. tölul. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.“

## II. Aðgengi að greiðslukerfum

### 6. gr. Þátttaka í greiðslukerfum

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um aðgang greiðsluþjónustuveitenda að greiðslukerfum og hafa þeir almennt heimild til að gerast þátttakendur í slíkum kerfum, er hér eins og segir í athugasemdum við ákvæðið um að ræða innleiðingu á 28. gr. tilskipunarinnar.

Í a-lið 4. mgr. 6. gr. er kveðið á um að sú heimild gildi m.a. ekki um greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að meðal slíkra kerfa séu stórgreiðslu- og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. Þá kemur fram að þar sem greiðslustofnanir muni ekki uppfylla skilyrði laga nr. 90/1999 muni þær þurfa að gera samning við þátttakendur í þeim til að öðlast aðgang.

Hér virðist gengið lengra en þörf krefur samkvæmt tilskipuninni. Í 1. mgr. 28. gr. hennar er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að tryggja greiðslustofnunum aðgang að greiðslukerfum. Í 2. mgr. hennar er svo kveðið á um að sú skylda taki ekki til þeirra kerfa sem þar eru talin upp, þar á meðal þeirra sem vikið er að hér að framan. Eftir sem áður hafa aðildarríkin heimild til að láta þær reglur ná til slíkra kerfa. Er þetta staðfest í 16. gr. aðfararorða tilskipunarinnar þar sem segir meðal annars:

„This should be without prejudice to Member States' right to limit access to systematically important systems in accordance with Directive 98/26/EC...“ (leturbr. hér).

Ekki er að finna neinn rökstuðning fyrir því í athugasemdum með frumvarpinu af hverju þessi heimild er nýtt. Verður því ekki annað séð en að hér séu settar óþarfar skorður við aðgangi greiðsluþjónustuveitenda að þeim kerfum sem mestu máli skipta hér á landi.

Verði 6. gr. frumvarpsins að lögum óbreytt hefur það í för með sér að greiðslukortafyrirtækin hafa ekki lengur hafa heimild til að nýta sér stórgreiðslu- og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. en Seðlabankinn setur reglur um notkun þeirra kerfa, sbr. reglur Seðlabankans, nr. 703/2009, um stórgreiðslukerfið og reglur Seðlabankans, nr. 704/2009, um starfsemi jöfnunarkerfa. Íslensku greiðslukortafyrirtækin hafa notað þau frá upphafi og ávallt uppfyllt reglurnar. Með breytingunni verður íslensku greiðslukortafyrirtækjunum ekki lengur heimiluð notkun kerfanna og þurfa að sækja um aðgang að þeim í gegnum viðskiptabanka og sparisjóði.

Óheft aðgengi greiðslukortafyrirtækja að greiðslukerfum er mikilvægt til að tryggja jafna samkeppnisstöðu þessara aðila við önnur fjármálafyrirtæki. Þar sem á Íslandi hvílir ekki lagaskylda til að banna greiðslukortafyrirtækjunum aðgang að kerfunum og Seðlabanki Íslands er sá aðili sem setur reglur um aðgengi þá telur SFF það vera næga tryggingu fyrir því að þeir aðilar sem fá að nýta sér kerfin séu fullbærir til þess og skapi ekki óþarfa áhættu.

Samkvæmt framangreindu gera SFF eftirfarandi breytingartillögu að a-liður 4. mgr. 6. gr. frv. verði felldur brott. 4. mgr. 6. gr. frv. verði því svohljóðandi:„

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki um:

- a. greiðslukerfi þar sem þátttaka einkorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu, eða
- b. greiðslukerfi þar sem greiðsluþjónustuveitandi, hvort sem hann er einn aðili eða samstæða, :
  1. kemur fram eða getur komið fram sem greiðsluþjónustuveitandi bæði fyrir greiðanda og viðtakanda greiðslu og ber einn ábyrgð á starfrækslu kerfisins, og
  2. heimilar öðrum greiðsluþjónustuveitendum þátttöku í kerfinu þar sem þátttökugjaldið vegna aðildar er ekki umsemjanlegt, en þátttakendur mega ákvarða eigin verðlagningu gagnvart greiðanda og viðtakanda greiðslu.“

### III. Heimildir greiðslustofnunar til að stunda hliðarstarfssemi

#### 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins segir að greiðslustofnunum sé heimilt að stunda aðra starfsemi auk greiðsluþjónustu, „samkvæmt ákvæði þessu“. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að um sé að ræða innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar og að greiðslustofnunum sé heimilt að stunda aðra starfsemi en slíkum heimildum séu „takmörk sett í ákvæðinu“. SFF gera athugasemd við orðalag lagaákvæðisins sjálfs. Ljóst má vera af 16. gr. tilskipunarinnar að greiðslustofnunum sé almennt heimilt að stunda hvers konar starfsemi í samræmi við lög og reglur með þeim takmörkunum sem af ákvæðinu leiðir en í c. – lið 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar segir:

*„Business activities other than the provision of payment services having regard to applicable Community and national law.“*

Texta ákvæðisins sjálfs mætti hins vegar túlka á þann veg að greiðslustofnun sé aðeins heimilt að stunda þá aðra starfsemi sem vikið er að í greininni. Til að koma í veg fyrir slíka túlkunarvillu er lagt til að ákvæðið verði gert skýrara að þessu leyti. Greiðslukortafyrirtækin sinna líka tækniþjónustu fyrir söluaðila, t.d. posa- og tækjaleigu, smíða sérstakar hugbúnaðarlausnir fyrir söluaðila, s.s. vefposa. Greiðslukortamarkaðurinn er í örri þróun og lagaheimild til þróunar hans í þágu söluaðila og neytenda verður að vera skýr. Þess má geta að Danir, Norðmenn og Bretar hafa innleitt ákvæðið með eftirfarandi hætti sem að mati SFF er skýrar en ákvæði 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Miðað við núverandi orðalag frumvarpsins yrðu heimildir greiðsluþjónustuveitanda skilgreindar of þröngt. Slíkt felur ekki aðeins í sér beinlínis ranga innleiðingu tilskipunar heldur yrði einnig til þess fallið að skerða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja miðað við aðra veitendur slíkrar þjónustu á EES svæðinu.

**Danir:**

**Lov nr. 385/2009, om betalingstjenester**

11. gr. Ud over at udbyde de betalingstjenester, der er omfattet af betalingsinstituttets tilladelse, kan betalingsinstitutter udøve følgende aktiviteter:

- 1) Udbud af driftsmæssige og nært tilknyttede accessoriske tjenester,
- 2) drift af betalingssystemer og
- 3) andre forretningsaktiviteter end betalingstjenester.

#### **Norðmenn**

Forskrift af betalingsforetak. Fastsatt av Finansdepartementet 1.7. 2010 með heimil í lov 10. juni 1988 nr. 40 om finansvirksomhet og finansintjutsjoner (finansvirksomhetsloven).

3. mgr. 2. gr. Virksomhetsområder

- (3) Foruten rett til å yte betalingstjenester i henhold til fastsatt tillatelse, kan betalingsforetak drive følgende aktiviteter av forretningsmessig karakter:
- a) ytelse av driftsmessige og andre nært tilknyttede tilleggstjenester som sikring av at betalingstransaksjoner blir utført, valutavirksomhet etter reglene i finansieringsvirksomhetsloven kapittel 4a, oppbevaringsvirksomheter samt elektronisk behandling og arkivering av betalingsinformasjon,
  - b) drift av betalingssystemer uten at dette berører reglene i lov av 17. desember 1999 nr. 95 om betalingssystemer mv, kapittel 5, om tilgang til andre betalingssystemer, og
  - c) andre forretningsaktiviteter i overensstemmelse med norsk lovgivning.

#### **Bretar**

STATUTORY INSTRUMENTS 2009 No. 209 FINANCIAL SERVICES AND MARKETS. The Payment Services Regulations 2009

#### **PART 4**

##### **PROVISIONS APPLICABLE TO AUTHORISED PAYMENT INSTITUTIONS AND SMALL PAYMENT INSTITUTIONS**

Additional activities

27.—(1) Authorised payment institutions and small payment institutions may, in addition to providing payment services, engage in the following activities—

(a) the provision of operational and closely related ancillary services, including—

- (i) ensuring the execution of payment transactions;
- (ii) foreign exchange services;
- (iii) safe-keeping activities; and

(iv) the storage and processing of data;

(b) the operation of payment systems; and

(c) business activities other than the provision of payment services, subject to any relevant Community or national law.

Frumvarp til laga um greiðsluþjónustu byggir á tilskipun EB 2007/64/EB og um er að ræða „full harmonisation“ gerð, sem þýðir að heimildir til frávika frá efnisákvæðum tilskipunarinnar, við innleiðingu í landsrétt, eru takmarkaðar.

Miðað við núverandi orðalag frumvarpsins yrðu heimildir greiðsluþjónustuveitanda skilgreindar of þröngt. Slíkt felur ekki aðeins í sér beinlínis ranga innleiðingu tilskipunar heldur yrði einnig til þess fallið að skerða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja miðað við aðra veitendur slíkrar þjónustu á EES svæðinu.

Samkvæmt framangreindu gera SFF eftirfarandi breytingartillögu á 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins:

„Greiðslustofnun er heimilt að stunda aðra starfsemi, auk greiðsluþjónustu nema því séu takmörk sett í þessum lögum eða öðrum lögum.“

## **6. mgr. 19. gr. frumvarpsins**

Í 6. mgr. 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um tiltekna takmarkanir á lánveitingum greiðslustofnana. Meðal þeirra er skilyrði um að lán sé „*minniháttar*“ og einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu. Hér er sem fyrr segir um að ræða innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar, en þar kemur fram að lánveiting skuli vera „*ancillary and granted exclusively in connection with the execution of payment transactions.*“

Verður ekki annað ráðið en hugtakið „*ancillary*“ hafi verið þýtt sem „*minniháttar*“. Hér er því ekki um að ræða rétta innleiðingu. Orðið *ancillary* getur vissulega í ákveðnum tilvikum þýtt minniháttar en þýðing þess er oftast sú að um sé að ræða einhvers konar viðbót.

Til dæmis sé *ancillary service* viðbótar- eða stoðþjónusta við aðra aðalþjónustu. Verður að telja það rétta merkingu orðsins í þessu tilviki. Þannig verður að túlka ákvæðið til samræmis við 13. gr. aðfararorða tilskipunarinnar en þar er hvergi vikið að því að lánveiting skuli vera minniháttar, aðeins „*nátengd*“ („*closely linked*“) greiðsluþjónustu.

Kortalán/staðgreiðslulán og lán í tengslum við innheimtu kortaskulda eru nátengd greiðsluþjónustu og fjárhæðarmörk og umfang þeirra er í samræmi við áhættu sem greiðslukortafyrirtækin vilja og geta tekið á sig á grundvelli reglna um áhættufjárfestingar, kröfur um eiginfjárlutfall o.fl. Þá verður einnig að telja að fjármögnun færsluhirðis á úttektum korthafa til handa útgáfubanka þegar færsluhirðir er ekki sá sem er vinnsluaðili kortaútgáfunnar falli undir lánveitingu sem er í nánnum í tengslum við greiðsluþjónustu en gæti ekki talist minniháttar. Þess má geta að Danir, Norðmenn og Bretar hafa innleitt ákvæðið með eftirfarandi hætti sem að mati SFF er rétt innleiðing á 16. gr. tilskipunarinnar.

## **Danir**

Lov nr. 385/2009, om betalingstjenester 1. tölul. 2. mgr. 21. gr.



21. gr. Betalingsinstitutter må kun føre betalingskonti, der udelukkende anvendes til betalingstransaktioner.

Stk. 2 Betalingsinstitutter, der har opnået tilladelse til at udbyde betalingstjenester som omhandlet i bilag 1, punkt 4, 5 eller 7, må kun yde kredit i forbindelse med disse tjenester, hvis følgende betingelser er overholdt:

1) Kredit skal være accessorisk til betalingstjenester og må udelukkende ydes i tilknytning til gennemførelse af betalingstransaktioner.

#### **Norðmenn**

Forskrift af betalingsforetak. Fastsatt av Finansdepartementet 1.7. 2010 með hjemmel í lov 10. juni 1988 nr. 40 om finansvirksomhet og finansintjensjoner (finansvirksomhetsloven), a)- liður 3. mgr. 3. gr. Virksomhetsbegrensinger.

(3) Betalingsforetak kan bare yte kreditt i tilknytning til betalingstjenester som nevnt i finansavtaleloven § 11 første ledd bokstav b, c og e, så fremt følgende vilkår er oppfylt:

a) kredittytelsen skal være en tilleggstjeneste og utelukkende gis i forbindelse med utførelsen av en betalingstransaksjon,

#### **Bretar**

STATUTORY INSTRUMENTS 2009 No. 209 FINANCIAL SERVICES AND MARKETS. The Payment Services Regulations 2009, a-liður 2. mgr. 27. gr.

(2) Authorised payment institutions and small payment institutions may grant credit in relation to the provision of the payment services specified in paragraph 1(d), (e) and (g) of Schedule 1 only

if—

(a) such credit is ancillary and granted exclusively in connection with the execution of a payment transaction;

Samkvæmt framangreindu leggja SFF til eftirfarandi breytingartillögu á 1. málsli. 6. mgr. 19. gr. frv. :

„Í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu skv. 4., 5. og 7. tölul. 4. gr. er greiðslustofnun heimilt að veita lán sem er nátengt greiðsluþjónustu, enda uppfylli eiginfjárgrunnur stofnunarinnar kröfur laga þessara og er að mati Fjármálaeftirlitsins fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga.“

#### **IV. Uppgjör færsluhirða við seljendur**

Ekki verður annað séð en að gæti ákveðins misskilnings við innleiðingu 69. og 73. gr. tilskipunarinnar (64. gr. og 67. gr. frumvarpsins). Áhrif innleiðingar að óbreyttu yrðu þau að samkvæmt orðanna hljóðan yrði færsluhirðum gert að greiða uppgjör til söluaðila degi eftir frá því greiðsla bærisk frá útgefanda korts, sbr. skýring við 3. mgr. 64. gr. sem vísar til 67. gr.

Þetta er ekki inntak tilskipunarinnar og innleiðing hennar í þessa veru á Íslandi er andstætt tilskipuninni. Hvenær færsluhirðir greiðir söluaðila uppgjör fellur utan tilskipunarinnar. Færsluhirðar í Evrópu sem hafa verið háðir þessari tilskipun um tveggja ára skeið hafa ekki breytt fyrirkomulagi sínu enda er það samningsatriði milli færsluhirðis og söluaðila hvenær færsluhirðir greiðir söluaðila uppgjörið. Áratugalöng hefð mánaðarlegra uppgjöra við seljendur yrði því rofin með þeim afleiðingum að endurkröfuáhætta færsluhirða sem er stærsta “credit áhætta” í rekstri þeirra, ykist verulega. Rétt er í þessu sambandi að minna á að þóknar seljenda skulu endurspeglar þá áhættu sem felst í viðskiptunum. Aukin áhætta leiðir því til hærri þóknana. Það er reynsla færsluhirða að íslenskir seljendur kjósi frekar mánaðarleg uppgjör þrátt fyrir að þeim hafi staðið tíðari uppgjör til boða nú í nokkur ár. Áðurnefnd breyting verði því engum til góða.

SFF leggur því til eftirfarandi breytingar á 64 og 67. gr. frumvarpsins:

#### **64. gr. Greiðsla á greiðslureikningi**

SFF vísa til röksemda sem fram koma við breytingartillögu á 67. gr. frumvarpsins hér að neðan. Efni 64. og 67. gr. eru tengd og er því eðlilegt að tiltaka tímafresti milli færsluhirðis og söluaðila í ákvæði 64. gr. til að taka af allan vafa. Breytingin eru samkvæmt svokölluðu „Execution Model“ þar sem reikningur seljenda hjá færsluhirði er greiðslureikningur í skilningi 11. t. 7. gr. frumvarpsins. Fjármunir skulu því ætíð vera tilgreindir á slíkum reikningi í samræmi við ákvæði 67. gr. frumvarpsins. Seljandi óskar eftir að fjárhæð verði millifærð inn á reikning hjá annarri greiðslustofnun að ákveðnum tíma liðnum. Millifærsla fjármuna inn á innlánsreikning seljenda í annarri stofnun teljast því vera sérstök greiðsla í skilningi tilskipunarinnar.

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á 64. gr. frumvarpsins:

64. gr.

Greiðsla á greiðslureikning.

Frá viðtöku tíma skv. 59. gr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu og í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Þetta freststímabil má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal eftir viðtöku fjármuna setja gildisdag á greiðsluna og tryggja að fjárhæð hennar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar á greiðslureikningi hans í samræmi við 67. gr. **Tímafrestir eiga ekki við um greiðslu færsluhirða til söluaðila þar sem um þá gildir samkomulag milli aðila.**

Að því er varðar greiðslur sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda senda greiðslufyrirmæli til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda innan þess uppgjörsfrests sem viðtakandinn og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa komið sér saman um. Þegar um ræðir beingreiðslur skulu greiðslufyrirmælin send á umsömdum gjalddaga.

#### **67. gr. Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar**

Í athugasemdum með 67. gr. frumvarpsins segir að í tilviki færsluhirða teljist gildisdagur eignafærslu sá dagur þegar færsluhirðir móttækur fjármuni kortasamsteypu eða útgefanda. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út túlkun sína á 1. mgr. 73. gr. með hliðsjón af færsluhirðingu. Í túlkun Framkvæmdastjórnarinnar sem kemur fram í svari hennar við spurningu 249 frá 10. júní 2009 má glögglega greina að fjármunir eru taldir söluaðila til ráðstöfunar þrátt fyrir að þeir hvíli enn á reikningi hjá færsluhirði. Hvenær söluaðilinn fái greitt skuli hins vegar kveða á um í samningi milli aðila, sbr. :

*„ Both Articles 69(2) and 73(1) require the merchant acquirer to value date and make available the funds to the merchant's payment account held with the acquirer immediately. Whether these funds remain with the account of the user with the acquirer or are immediately transferred to another account with another payment service provider (i.e. with a bank) belongs to the commercial freedom of the parties.“*

Samkvæmt túlkun Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eru skilyrði í tilviki færsluhirða uppfyllt séu fjármunir sem færsluhirðir hefur móttekið frá kortasamsteypum eða öðrum færsluhirðum varðveittir á sameiginlegum söluaðilareikning eða sérstökum söluaðilareikning fyrir hvern söluaðila hjá færsluhirði. Hvenær færsluhirðir greiðir söluaðila uppgjör hans er háð samkomulagi á milli færsluhirðis og söluaðila og fellur utan tilskipunarinnar.

Ef færsluhirðum er gert að greiða söluaðilum degi eftir að færsluhirðir móttækur fjármuni frá kortasamsteypum eða útgefanda er vegið að áhættustýringu færsluhirða og er augljóslega ekki eitt af markmiðum tilskipunarinnar. Færsluhirðar bera ábyrgð gagnvart korthöfum verði vara ekki afhent t.d. að flugfélag eða hótél verði gjaldþrota. Í slíkum tilvikum ber færsluhirði að endurgreiða korthafa endurgjaldið vegna þjónustu sem ekki er veitt. Þetta er stærsta áhætta færsluhirða og er hennar getið sérstaklega í ICAAP skýrslum og COREP skýrslum greiðslukortafyrirtækjanna til FME. Verði ákvæðið samþykkt óbreytt þá verður að telja það ekki uppfylla skilyrði um „full harmonisation“ innleiðingu tilskipunarinnar og einnig myndi auka kerfislæga áhættu hins íslenska fjármálakerfis til muna.

Samkvæmt framangreindu leggur SFF til eftirfarandi breytingu á 67. gr. frumvarpsins :

67. gr.

Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar.

Gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu telst vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Í tilviki færsluhirða telst gildisdagur eignfærslu sá dagur þegar þegar færsluhirðir móttækur fjármuni frá kortasamsteypum eða greiðslu eftri öðrum leiðum. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Í tilviki færsluhirða eru skilyrðin uppfyllt séu fjármunir sem færsluhirðir hefur móttekið frá kortasamsteypum eða útgefendum eftir öðrum leiðum varðveittir á sameiginlegum söluaðilareikning eða

sérstökum söluaðilareikning fyrir hvern söluaðila hjá færsluhirði. Hvenær færsluhirðir greiðir söluaðila uppgjör hans er háð samkomulagi á milli færsluhirðis og söluaðila.

Gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda telst vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda.

### **Breytingar á öðrum lögum**

SFF óska eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á öðrum lögum en frumvarpi til laga um greiðsluþjónustu.

### **Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.**

Þjónusta greiðslukortafyrirtækja verður sú sama og áður óháð því hvort þau kjósa að vera áfram lánafyrirtæki auk rafeyrisfyrirtæki eður ei. Sambærileg starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti í nágrannaríkjum. Til að taka af allan vafa um að rafeyrisfyrirtæki séu í undanþeginni starfsemi þykir rétt að gera viðeigandi breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Þá má einnig benda á úrskurð Yfirkattanefndar nr. 321/2009 er sýnir að eðli starfseminnar er það sem skiptir máli og því ætti hér ekki að vera um að ræða breytingu á túlkun og skattskyldugildissviði virðisaukaskattslaga.

Kærandi í málinu, íslenskt einkahlutafélag í eigu erlends félags, var umboðsaðili („agent“) erlenda móðurfélagsins hér á landi vegna starfsemi sem var fólgin í því að gera erlendum verslunarfyrirtækjum kleift að selja vöru og þjónustu á vefsíðum sínum gegn greiðslu með greiðslukortum. Þjónusta kæranda fólst í umsýslu greiðslna milli seljanda og kaupanda. Fékk Yfirkattanefnd ekki annað séð en að starfsemi kæranda „væri fyllilega sambærileg við hliðstæðan þátt í starfsemi fjármálastofnana.“ og vísaði í því sambandi til ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002. Taldi Yfirkattanefnd starfsemi kæranda að öllu leyti undanþegna virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988.

Í 2. gr. laganna er talin upp starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. SFF óskar eftir að 10. töluliður verði svohljóðandi:,,

10. Þjónusta banka, sparisjóða, annarra lánastofnana, verðbréfamiðlun og rafeyrisfyrirtæki.“

SFF eru hvenær sem er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association